

Umhverfisstofnun
Áb. _____
13. ágú. 2010 10.5.3
Tilv. _____

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 12. ágúst 2010
UST20100700039/hb

Vegir að Héðinsfjarðarvatni í Fjallabyggð.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 1. júlí 2010, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum vegalagning að Héðinsfjarðarvatni í Fjallabyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt lýsingu sem fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila til Fjallabyggðar vegna mats á umhverfisáhrifum, dags. í júní 2010, er um að ræða tvíþætta framkvæmd sem skiptist annars vegar í vegagerð einkavega frá nýjum þjóðvegi hvorum megin Héðinsfjarðarar að Héðinsfjarðarvatni og gerð bílastæða við vegarenda og hins vegar gerð bátavegar frá bílastæði við austurenda Héðinsfjarðarvatns að vatni.


Í ofangreindri tilkynningu framkvæmdaraðila segir á bls. 6 að fyrir mistök hafi umrædd framkvæmd verið samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd Siglufjarðar hinn 8. júní 2005, án þess að fyrir lægi ákvörðun Skipulagsstofnunar um hugsanlega matsskyldu framkvæmdarinnar. Fram kemur að framkvæmdaraðilar hafi talið samþykkt nefndarinnar ígildi framkvæmdaleyfis fyrir vegunum og sé framkvæmdum nú nær lokið. Lokið hafi verið fyllingu í vegi og bílastæði og bátaveg, en að eftir sé efsta burðarlag, klæðning, frágangur og uppgræðsla vegfláa. Fjallabyggð hafi hins vegar stöðvað framkvæmdir síðastliðið haust eftir að mistökin urðu ljós.

Samkvæmt ofangreindu er ljóst að umræddri framkvæmd er þegar að mestu leyti lokið án þess að fyrir hafi legið framkvæmdaleyfi og án þess að farið hafi fram athugun á því hvort framkvæmdin skyldi háð mati á umhverfisáhrifum, eins og boðið er í 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en um er að ræða vegalagningu á náttúruverndarsvæði sem er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar skv. c-lið 10. tl. 2. viðauka fyrrnefndra laga.

Eins og ráða má af 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 3. viðauka, felst mat á því hvort framkvæmd sem tilgreind er í 2. viðauka skuli háð mati á umhverfisáhrifum í könnun á því hvort fyrirhuguð framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar. Slík könnun er bersýnilega til lítils þegar framkvæmd hefur þegar farið fram og ekki í samræmi við þann tilgang sem mati á umhverfisáhrifum er ætlað

sem stjórnæki í umhverfismálum. Er í því sambandi einkum vísað til þess meginmarkmiðs
fyrirnefndra laga að tryggja að fram fari mat á umhverfisáhrifum „áður en leyfi er veitt fyrir
framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að
hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif“, sbr. a-lið 1. mgr. 1. gr. laganna. Af þessum
sökum telur Umhverfisstofnun sér ekki fært að veita umsögn um hvort umrædd framkvæmd
skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Arnadóttir,
forstjóri


Hrafnhildur Bragadóttir,
lögfræðingur